

Ökutækjatrýgging

Skilmáli B-1

Ökutækjatrýgging felur í öllum tilvikum í sér lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækis sem er skylduþrygging og tekur til greiðslu á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og reglugerð nr. 1244/2019. Slysatrýgging ökumanns og eiganda er einnig lögboðin og bætir líkamstjón ökumanns og eiganda vegna annarra ökutækja en torfærutækja. Slysatrýgging ökumanns og eiganda er valkvæð þegar um torfærutæki er að ræða samkvæmt 11. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Hugtakið torfærutæki er skilgreint í umferðarlögum nr. 77/2019. Bílrúðutrýgging er valkvæð váttrygging.

Þessi váttrygging er samansett af þremur váttryggingum. Almenn ákvæði gilda fyrir allar þrjár tryggingarnar.

1. Almenn ákvæði
2. Lögboðin ábyrgðartrygging
3. Slysatrýgging ökumanns og eiganda
4. Bílrúðutrýgging (valkvæð)

Í skilmálanum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

Um váttrygginguna gilda váttryggingaskirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í skilmála þessum ganga frammar ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Ákvæði skilmála þessara skerða ekki að neinu leyti þann endurkröfurétt sem félagið á eða kann að eignast samkvæmt almennum réttarreglum, umferðarlögum nr. 77/2019 eða lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Almenn ákvæði:

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir um notkun ökutækisins á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkjum að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum. Váttryggingartaki skal leysa til sín alþjóðlegt váttryggingarkort fyrir ökutæki ("grænt kort") vegna aksturs erlendis, enda eigi ríkin aðild að samningum um notkun slíks váttryggingakorts.

2. gr. Takmarkanir eða varúðarreglur

Váttryggðum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í skilmála þessum eða á váttryggingarskirteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

Varúðarregla: Ökumaður skal vera í líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.

Varúðarregla: Ökumaður skal hafa hæfni til þess að stjórna ökutækinu örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.

Varúðarregla: Váttryggður og sá sem hefur ökutækið undir höndum skal sjá til þess það sé í lögmæltu ástandi, að ökutækið sé fært til lögbundinnar skoðunar og viðhald ökutækisins sé í samræmi við leiðbeiningar og þjónustuhandbók framleiðanda. Sérstaklega ber að sjá til þess að öryggisbúnaður svo sem dekk og hemlabúnaður séu í lagi.

Váttryggingin gildir ekki þegar ökutækið er notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki eða þegar ökutæki tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu, afmörkuðu eða skilgreindu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt 39. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 2. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar.

3. gr. Annar akstur en tilgreindur er

Félagið getur endurkrafíð váttryggingataka og/eða ökumann ef ökutæki er notað til annars aksturs en þess sem getið er í váttryggingarskirteini.

4. gr. Vanskil iðgjalds

Verði vanskil á iðgjaldinu getur félagið fellt váttrygginguna úr gildi sbr. 13. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og ákvæði laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 og tilkynnt það til Samgöngustofu. Félagið skal einnig tilkynna um

niðurfellinguna til váttryggingataka og umráðamanns, sé hann skráður. Skráningarkerki skulu tafarlaust tekin af ökutækini og ber lögreglan ábyrgð á að fylgja því eftir. Váttryggingataka skal þó greiða iðgjald fyrir þann tíma sem tryggingin sannanlega var í gildi. Þrátt fyrir niðurfellingu ábyrgðartryggingar ber félagið áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því tryggingin féll úr gildi nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið keypt. Bótaréttur ökumanns og eiganda fellur niður um leið og félagið tilkynnir Samgöngustofu um uppsögn eða þegar skráningarkerki eru lögð inn hjá Samgöngustofu, samkvæmt 14. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Iðgjöld eru aðfararhæf og hvíla á ökutækini sem lögveð og gengur framar öðrum skuldbindingum sem á því hvíla, s.s. lánum samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Uppsögn að beiðni váttryggingataka kemur ekki til framkvæmda fyrr en eigandi ökutækis hefur stofnað til nýrrar váttryggingar hjá öðru váttryggingafélagi eða opinber staðfesting liggur fyrir um að ökutækið hafi verið tekið úr umferð með afskráningu eða innlögn skráningarkerkja til Samgöngustofu.

5. gr. Váttrygging fellur úr gildi á miðju tímabili

Meginreglan er sú að falli váttryggingin úr gildi á váttryggingartímabilinu skal váttryggingartaki greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin er í gildi. Félagið endurgreiðir iðgjald fyrir þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og váttryggingin var ekki í gildi. Þessi regla gildir þó ekki þegar iðgjald ákvarðast af árstíðabundinni áhættu. Í váttryggingarskirteini kemur fram ef um árstíðabundna áhættu er að ræða, ásamt flokki ökutækis, og gildir þá 2. mgr. 5. gr.

Falli váttryggingin úr gildi á váttryggingartímabilinu vegna ökutækis þar sem iðgjald ákvarðast eftir árstíðabundinni áhættu, enda sé þess getið í váttryggingarskirteini að iðgjald sé árstíðabundið, skal váttryggingartaki greiða iðgjald miðað við samanlagt hlutfall ársiðgjalds sem tilgreint er í töflunni hér að neðan fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi, en flokkur ökutækis sem ökutækið fellur undir er tilgreindur í váttryggingarskirteini. Félagið endurgreiðir iðgjald samkvæmt sömu reglu fyrir þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og váttryggingin var ekki í gildi.

Mánuður	Mótorhjól	Húsbílar	Vélsleðar	Fjór hjól
Janúar	1%	2%	6%	1%
Febrúar	1%	3%	30%	1%
Mars	4%	7%	30%	2%
Apríl	6%	9%	16%	5%
Maí	17%	13%	5%	6%
Júní	18%	19%	1%	20%
Júlí	17%	19%	1%	20%
Ágúst	17%	14%	1%	16%
September	13%	6%	1%	12%
Október	4%	4%	1%	10%
Nóvember	1%	2%	2%	5%
Desember	1%	2%	6%	2%
Samtals	100%	100%	100%	100%

6. gr. Sala ökutækis – Afskráning – Innistaða skráningarnúmers

Váttryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar ef ökutækið er afskráð eða selt, enda gildir váttryggingin ekki fyrir nýjan eiganda eftir 14 daga frá eigendaskiptum. Sé ökutækið selt eða afskráð endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af váttryggingartímabilinu, enda hafi ný váttrygging verið keypt fyrir ökutækið við eigendaskipti.

Hafi skráningarnúmer ökutækis verið lögð inn til vörslu Samgöngustofu eða þess sem hefur umboð hennar til að taka við skráningarkerkjum, felur það í sér uppsögn váttryggingasamnings og fellur ábyrgðartryggingin við það úr gildi við það tímamark.

Þetta gildir þó ekki um dráttarvélar eða torfærutæki.

7. gr. Iðgjaldsákvörðun – Endurnýjunariðgjald

Við ákvörðun iðgjalds er félaginu heimilt að afla upplýsinga frá öðrum váttryggjendum um tjónareynslu váttryggingartaka í þessari grein váttrygginga og geta slíkar upplýsingar haft áhrif á iðgjaldið.

8. gr. Endurkrafa á váttrygðan

Félagið getur endurkafið váttryggðan hafi félagið vegna ákvæða umferðarlaga, eða reglugerðar, greitt bætur fyrir tjón, sem váttryggður á ekki rétt á váttryggingarvernd gegn þegar:

- a. Váttryggður hefur brotið gegn ákvæðum þessa váttryggingarsamnings.
- b. Váttryggður hefur ekki réttindi til að aka hinu váttryggða ökutæki eða misst réttindi til að aka því.
- c. Tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, það telst t.d. stórkostlegt gáleysi að aka bifreið undir áhrifum áfengis, deyfandi eða örvandi lyfja eins og skilgreint er í umferðarlögum nr. 77/2019.
- d. Liðnir voru 14 dagar frá eigendaskiptum.
- e. Váttrygging hefur fallið úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi eða vegna uppsagnar.
- f. Ökutækið er leigt án ökumanns án þess að skilyrði laga um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns, nú laga nr. 65/2015, séu fyrir hendi.

1. kafli. Lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja

9. gr. Hverjir eru váttryggðir?

Eigandi ökutækis, sem tiltekinn er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarskírteini er váttryggður, svo og hver sá sem með samþykki hans notar ökutækið eða ekur því. Sé ökutækið selt er hinn nýi eigandi váttryggður í 14 daga eftir eigendaskipti, enda hafi hann ekki keypt aðra váttryggingu vegna ökutækisins. Enda þótt váttryggingin falli úr gildi ber félagið samt áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að váttryggingin féll úr gildi, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið keypt.

10. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin nær til sérhverrar skaðabótakröfu sem eiganda hins váttryggða ökutækis er skylt að váttryggja gegn, samkvæmt gildandi lögum um ökutækjatrýggingar, vegna tjóns er hlýst af notkun ökutækisins.

11. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Váttryggingin tekur ekki til skemmda á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum váttryggingartaka, váttryggðs eða ökumanns. Þó bætir váttryggingin skemmdir á eigin bifreið váttryggðs (váttryggingartaka) af völdum ákasturs hins váttryggða ökutækis.

12. gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu, sem þýðir að félagið greiðir fjárhæð umfram þá fjárhæð, ef þess er getið í váttryggingarskírteini eða á upplýsingum sem sendar eru við árlega endurnýjun (endurnýjunarskírteini). Krafa félagsins um greiðslu eigin áhættu fellur í gjalddaga jafnskjótt og félagið hefur innt af hendi bráðabirgða- eða fullnaðargreiðslu vegna tjónsins. Eigin áhætta váttryggingartaka hefur engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns.

2. kafli. Slysatrigging ökumanns og eiganda

13. gr. Hvað bætir tryggingin?

Slys á ökumanni: Félagið greiðir bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis sem váttryggingin tekur til enda verði slysið rakið til notkunar þess sbr. 9. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Slys á váttryggingataka: Félagið greiðir einnig bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem eigandi ökutækis (váttryggingataka) verður fyrir sem farþegi í eigin ökutæki enda megi rekja tjónið til notkunar ökutækisins.

Slysatrigging ökumanns og eiganda er valkvæð þegar um torfærutæki er að ræða samkvæmt 11. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

14. gr. Ákvörðun bóta

Um ákvörðun bóta fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar og skaðabótalögum nr. 50/1993.

Ef váttryggður á rétt á skaðabótum skv. reglum laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 eða öðrum skaðabótareglum lækka bætur úr þessari váttryggingu sem því nemur, sbr. 5. mgr. 9. gr. laganna.

3. kafli. Bílrúðutrygging

15. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir brot bílrúðum ökutækisins. Nánar tiltekið fram-, hliðar og afturrúðum ásamt ísetningarkostnaði, það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispast. Brot á rúðum er eingöngu bætt með viðgerð eða skiptum á hinum vátryggðu rúðum.

16. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur geta aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur 35% af raunvirði ökutækisins. Raunvirði er sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu.

Bætur miðast við sambærilega bílrúðu með sömu eiginleika og sú sem var í bifreiðinni fyrir tjónið. Leita skal fyrir fram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

17. gr. Eigin áhætta?

Bæti vátryggingin tjón á rúðu með nýrri rúðu ber vátryggingartaki eigin áhættu sem samsvarar 20% af verði hinnar nýju rúðu og ísetningarkostnaðar. Sé unnt að gera við hina skemmdu rúðu án þess að skipta um greiðir vátryggingin fyrir viðgerð hennar án eigin áhættu vátryggingartaka.

18. gr. Undanþága – Úrtaka – Ísetning – afnotamissir

Rúða sem brotnar við úrtöku eða ísetningu er ekki bætt. Ekki er bætt tjón vegna afnotamissis ökutækisins er rúða brotnar.

Skilmálar þessir gilda frá 01.11.2020